

Ársskýrsla



Keiludeild ÍR

2023

Skýrsla keiludeildar ÍR fyrir árið 2023

Lögð fram á aðalfundi keiludeildar í ÍR heimilinu 21. mars 2024.

Stjórn keiludeildar

Stjórn keiludeildarinnar var þannig skipuð á árinu: Valgerður Rún Benediktsdóttir var kjörin formaður á aðalfundi, Svavar Þór Einarsson var varaformaður, Unnar Óli Þórsson var ritari, Halldóra Íris Ingvarsdóttir var gjaldkeri, Böðvar Már Böðvarsson, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir og Jóhann Ágúst Jóhannsson voru meðstjórnendur.

Áherslur stjórnar og helstu verkefni 2023

1. Aðstöðumál keilunnar

Stjórn keiludeildar hélt áfram að vinna að aðstöðumálum keilunnar en það hefur lengi legið fyrir að aðstaða keiluiþróttarinnar á höfuðborgarsvæðinu er með öllu óviðundandi eins og nánar er farið yfir í fyrri ársskýrslum. Aðalstjórn ÍR hefur sýnt þessari stöðu mikinn skilning og unnið að því að fá keilusal á ÍR svæðið í viðræðum sínum við Reykjavíkurborg. Áfram var unnið að því á árinu.

ÍTR greiðir fyrir aðstöðu Reykjavíkurfélaganna í Keiluhöllinni Egilshöll. Sumarið 2023 bárust deildinni þau tíðindi að draga ætti úr fjárframlögum vegna aðstöðunnar. Kallaði það á verulega endurskoðun á fjármögnun deildarinnar, taka varð styrkjakerfi hennar úr sambandi og iðkendur deildarinnar þurftu að greiða meira fyrir þátttöku í mótum. Þó að hægt hafi verið að leysa málið í þetta skiptið er óljóst með framhaldið og ljóst að fara þarf í viðræður við ÍTR og ÍBR um hvernig leysa megi aðstöðumálin til framtíðar.

2. Fjölgun og virkni iðkenda og þjálfara

Stjórn lagði áframhaldandi áherslu á fjölgun iðkenda sem og áhersla var á að halda í virkni barna sem æfa hjá félaginu. Haldið var sumarnámskeið í keilu fyrir börn sem þegar æfa hjá félaginu og heppnaðist það einkar vel. Jafnframt var haldið sumarnámskeið fyrir nýja iðkendur. Þetta gafst vel og er nú svo komið að deildin getur ekki bætt við sig frekari iðkendum vegna aðstöðuleysis.

Auknum fjölda iðkenda fylgir einnig þörf á fleiri þjálfurum og vann deildin að því að fá fleiri inn í þjálfun m.a. með að styrkja nýja þjálfara til að taka grunnnámskeið í þjálfun.

3. Konur í keilu

Keiludeild fékk styrk frá RANNÍS til að efla kvennastarf í keilu. Ákveðið var að bjóða kvennaliðum að taka þátt í utandeild Keilusambands Íslands en keilarar sem kom inn í keilu á fullorðinsaldri koma mjög oft inn í gegnum þá deild. Óhætt er að segja að átakið hafi gengið vel og var ásókn meiri en fjármang leyfði. Í gegnum átakið skráði deildin fjögur ný kvennalið til leiks eða um 20 konur. Þeim var boðið á æfingu til að læra undirstöðuatriði keilunnar sem gafst vel. Ekki er annað að sjá og heyra á umræddum konum en að þær séu afar ánægðar með að hafa látið slag standa og er mikil stemming í riðlinum sem nýju kvennaliðin keppa.

Árangur ÍR keilara árið 2023

Keiludeild ÍR er sú fjölmennasta á landinu og sendir deildin því fjölmörg lið og einstaklinga til keppni í hinum ýmsu mótum. Á yfirstandandi tímabili sendir ÍR 23 lið til keppni í deildum KLÍ, 17 karlalið og 6 kvennalið sem í keppa um 110 deildarspilarar. Þar að auki keppa fleiri keilarar f.h. ÍR í einstökum mótum. Hér að aftan er farið yfir helsta árangur ÍR keilara árið 2023.



Hinrik Óli Gunnarsson varð Íslandsmeistari einstaklinga í karlaflokki. Hinrik Óli er yngsti Íslandsmeistari Keilusambandsins í 23 ár eða frá árinu 2000 og næst yngstur í sögu sambandsins. Í kvennaflokki varð **Linda Hrönn Magnúsdóttir** í 2. sæti og **Nanna Hólm Davíðsdóttir** í því þriðja.



Þá varð **Viktor Snær Guðmundsson** Íslandsmeistari einstaklinga með forgjöf.

Guðný Gunnarsdóttir varð Íslandsmeistari öldunga í kvennaflokki, **Bára Ágústsdóttir** varð í 2. sæti og **Linda Hrönn Magnúsdóttir** í því þriðja. Í karlaflokki varð **Þórarinn Már Þorbjörnsson** í 2. sæti.

Í Íslandsmóti deildarliða varð **ÍR-PLS** í öðru sæti í karlaflokki og **ÍR-TT** í öðru sæti í kvennaflokki.

ÍR-TT varð einnig í öðru sæti í bikarkeppni liða.



ÍR á einnig fulltrúa í landsliðum Íslands í keilu. Evrópumót unglunga fór fram í apríl og þar átti ÍR tvo fulltrúa en það voru þau Olivia Clara Steinunn Lindén og Tristan Máni Nínuson. Þá tók Hafþór Harðarsson þátt í EM karlaliða í Frakklandi og Hinrik Óli Gunnarsson í Evrópumeistarmóti landsmeistara. Þá fór Evrópumót öldunga fram í janúar og febrúar en fulltrúar ÍR voru Bára Ágústsdóttir, Guðný Gunnarsdóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir og Þórarinn Már Þorbjörnsson.



ÍR ungmenni stóðu sig einnig vel á árinu. Olivia Clara Steinunn Lindén vann opna flokkinn á Íslandsmeistaramóti unglunga og önnur ÍR ungmenni stóðu sig einnig vel í sínum flokkum.

Meistarakeppni ÍR, uppskeruhátíð ÍR keilarar, var einnig haldin á árinu. Það voru þau **Gunnar Þór Ásgeirsson** og **Nanna Hólm Davíðsdóttir** sem sigruðu sinn flokk en **Valgerður Rún Benediktsdóttir** vann forgjafarflokkinn.

Keilarar ÍR 2023

Hinrik Óli Gunnarsson og **Nanna Hólm Davíðsdóttir** voru valin keilarar ÍR árið 2023.

Hinrik Óli varð á árinu Íslandsmeistari einstaklinga í keilu í fyrsta sinn og er hann næst yngsti keilarinn til að landa þeim titli. Hann varð í 3. sæti á Íslandsmeistaramóti para og lið hans ÍR-L varð í 3-4 sæti á Íslandsmeistaramóti.

Nanna varð í 3 sæti á Íslandsmeistaramóti einstaklinga á árinu. Hún varð einnig í 3 sæti á Íslandsmeistaramóti para. Þá varð hún ásamt liði sínu ÍR-TT í öðru sæti í deildarkeppni 1. deildar og í öðru sæti á Íslandsmeistaramóti og bikarkeppni liða. Nanna fór einnig lengst íslenskra kvenna á Reykjavík International Games.

Mótahald ÍR á árinu 2023

Keiludeild ÍR heldur úti **Pepsi Max mótum** sem haldin eru flesta sunnudaga yfir keppnistímabilið. Þar nýtur deildin stuðnings frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem gefur verðlaunin og hefur gert í áraraðir. Þökkum við þeim kærlega fyrir.

Þá hélt deildin **páskamót ÍR** í samstarfi við Samkaup og þakkar deildin þeim kærlega fyrir stuðninginn. Þá hélt deildin fyrrgreint **Meistaramót ÍR**.



Útbreiðsla, kynning og miðlun

Heimasíða keiludeildarinnar er undir heimasíðu ÍR www.ir.is/keila. Þar má finna helstu upplýsingar um starfsemi deildarinnar og fréttir. Keiludeildin er einnig með síðu á Facebook og lokaða hópa fyrir félagsmenn, stjórn, keilubjálfa, æfingahópa keilukrakkanna og foreldrafélagið svo einhver dæmi séu tekin.

Barna- og unglíngastarf og þjálfun

Barna- og ungmennastarfið er veigamikill þáttur af starfsemi keiludeildar ÍR en um 30 börn stunda æfingar hjá deildinni.

ÍR-Keiludeild er með skipulagðar æfingar fyrir börn frá 8 ára og eldri. Á haustönn 2023 er boðið upp á að æfa einu sinni, tvisvar eða þrisvar í viku. Almennt er æft tvisvar í viku en þau sem lengra eru komin og farin meira að keppa í keilunni taka 3 æfingar í viku á mótí keppni.

Þjálfarar deildarinnar eru þau Jóhann Ágúst Jóhannsson yfirþjálfari, Adam Pawel, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir, Guðmundur Jóhann Kristófersson, Halldóra Íris Ingvarsdóttir, Hörður Ingi Jóhannsson, Laufey Sigurðardóttir, Stefán Claessen og Þórarinn Már Þorbjörnsson.

Við deildina starfar einnig **foreldrafélag** en tilgangur þess er meðal annars að efla félagslíf iðkenda, halda utan um fjáraflanir og efla félagsandann hjá deildinni.

Undanfarin ár hefur keiludeildin **boðið deildarspilurum upp á þjálfun** um helgar þegar það eru lausar brautir. Keiludeildin greiðir þjálfara, en keilarar sem mæta á æfingar þurfa annað hvort að vera með árskort eða leigja brautir fyrir æfingar.

Að lokum

Að mati stjórnar keiludeildar gekk starfið ágætlega árið 2023, þrátt fyrir ákveðna erfiðleika vegna aðstöðumála eins og fyrr er rakið. Þá var árangur ÍR keilara góður og mörg efnileg börn og ungmenni að taka framförum hjá deildinni. Nokkur óvissa var með rekstur deildarinnar vegna skerðingar á styrk frá ÍTR en með samhentu átaki allra var hægt að halda fjármálum stöðugum eins og sjá má í ársreikningi.

Það verður hins vegar að nást árangur í aðstöðumálum ef keilan á að ná að vaxa sem íþrótt, bæði hvað varðar iðkendafjölda og barna-, unglínga og afreksstarf. Það felast miklir möguleikar í uppbyggingu keiluaðstöðu enda er keila svo sannarlega íþrótt fyrir alla.

Stjórnin þakkar því öllum sem hafa lagt hönd á plóg við að halda starfi deildarinnar gangandi og skorar jafnframt á fleiri til að gefa sér tíma til að taka þátt í starfi deildarinnar.

Stjórn keiludeildar ÍR